

Ed.

168. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi, nr. 91, 14. nóv. 1917.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

13. gr. orðast svo:

Hvern þann mann, er hitst hefir ölvaður, er heimilt að leiða fyrir

dómara, eða hreppstjóra, ef ekki næst til sýslumanns. Skal hinn ölvaði sæta sektum fyrir hvert brot, er samsvarar vikutekjum hans það ár.

2. gr.

Þrir fyrstu liðir 14. gr. orðast svo:

Fyrir hvern líter af óleyfilegu áfengi, sem búið er til hjer á landi eða flutt inn, skal sá, sem slíkt áfengi finst hjá, greiða 100 krónur í sekt, og auk þess upphæð, er svarar mánaðartekjum hans það ár. Fyrir að versla með áfengi skal sá, er brotlegur verður, gjalda 200 krónur í sekt fyrir hvern líter af ólöglegu áfengi, sem finst í vörslum hans eða sannast að hann hafi selt. Auk þess skal hann gjalda í sekt fyrir hvert brot, er sannast, eins árs tekjur sínar, eins og gera má ráð fyrir, að þær hafi verið undanfarið ár.

Greinargerð.

Nú horfir svo við um áfengisvarnir hjer á landi, að þeim verði ekki við komið um stund nema að tvennu leyti:

1. Að hindra innflutning og tilbúning sterkra drykkja.
2. Að halda í skefjum opinberu ölæði, sem nú gerist alltítt, m. a. í höfuðstaðnum.

Hjer er gert ráð fyrir sektum fyrir þessi brot, sem telja má sennilegt að auðveldara yrði að framfylgja heldur en hinum eldri sektarákvæðum, sem hingað til hafa verið í gildi. Sú aðferð, að láta sektina fara eftir efnum hinna brotlegu, hefir verið reynd sumstaðar erlendis viðvikjandi bannlagabrotum, og gefist vel. Viðvikjandi aðstöðu hreppstjóra til að kveða upp dóma í þessum einföldu málum verður talað í framsögu.